

18. gr.

Auk þeirra verkefna er tilgreind eru í 15.–17. gr., er Framkvæmdasjóði heimilt að verja allt að 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins til annarra sameiginlegra verkefna varðandi sérkennslu og endurhæfingu, svo og annarra verkefna, sem ríki eða sveitarfélögum ber sannanlega ekki að greiða, þ. á m. fyrirgreiðslu vegna framleiðslustarfsemi fatlaðra í heimahúsum, sbr. 2. lið 19. gr. laga um málefni fatlaðra.

19. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 43. gr. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra, öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hafi, fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, verið veitt fjármagn úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til byggingar á sérskólum, skal Framkvæmdasjóður fjármagna byggingarframkvæmdirnar þar til þeim er lokið.

Félagsmálaráðuneytið, 9. janúar 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Margrét Margeirsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á áður staðfestu deiliskipulagi Molduhrauns í Garðabæ.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 5. janúar 1990 staðfest breytingu á áður staðfestu deiliskipulagi Molduhrauns í Garðabæ þann 14. janúar 1988. Breytingin er fólgin í því að leyfileg hámarkshæð húss á lóðinni nr. 7. við Vesturhraun, sem framvegis mun heita nr. 4 við Suðurhraun verður 14,5 metrar í stað 9,5 metrar.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir. Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt hana og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt hana til staðfestingar ráðuneytisins.

Félagsmálaráðuneytið, 5. janúar 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.